

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
c/o Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks á þingskjali nr. 117 – 116. mál/151. löggjafarþing 2020-2021

Sundsamband Íslands þakkar fyrir það tækifæri að fá möguleika til að gefa álit sitt á þingskjali nr. 117 – 116. máli sem flutt er á 151. löggjafarþing 2020-2021, tillaga til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks.

Sundsamband Íslands lýsir ánægju sinni með áhuga flutningsmanna tillögunnar á því að búa íslensku afreksíþróttafólki aðstæður til að stunda sína íþrótt án þess að þurfa að gefa frá sér öll almenn lýðréttindi sem aðrir á sama aldri njóta og geta notið.


Til þess að íþróttafólk geti orðið að afreksfólki í sinni íþróttagrein þarf að huga að því að **íþróttafólk njóti eðlilegra lýðréttinda** eins og sjúkra- og heilsutrygginga, lífeyrisréttinda og svo framvegis. Það eru litlar líkur til þess að raunverulegt og lítt tilviljanakennt afreksstarf verði að veruleika nema að íþróttafólkið búi við fjárhagslegt öryggi, njóti sömu lýðréttinda og jafnaldrar þeirra sem hafa beint kröftum sínum annað og að hið opinbera stigi upp og geri afreksíþróttafólki jafnhátt kleift að sína sitt besta í alþjóðlegu umhverfi.

Það hefur verið sýnt fram á að beinn kostnaður foreldra afrekssundfólks vegna æfinga og keppni í uppbyggingu einstaklingsins er á bilinu 60 – 80 milljónir króna sem dreifist á 10 – 12 ár. Þegar svo einstaklingurinn nær 18 ára aldri og hefur náð þeim árangri að komast í afreksflokk í sinni íþrótt, þá er hann ennþá á framfæri foreldra sinna og fjárhagslega ósjálfsstæður, þrátt fyrir að við höfum nú náð þeim árangri að íþróttafólk sem heyrir undir Sundsamband Íslands þarf ekki að leggja með sér í alþjóðleg æfinga- og keppnisverkefni.

Þessu þarf að breyta fyrr en seinna. Við sem þjóð leggjum mikið upp úr að okkar íþróttafólk nái árangri, við leggjum mikið upp úr því að íþróttir séu í boði fyrir börn og unglíng. Við eigum að leggja metnað okkur að veita íþróttafólkinu nauðsynlegan faglegan, **fjárhagslegan og félagslegan** stuðning. Við eigum nokkur borðliggjandi dæmi um hvernig sundfólk sem komið er á afreksstig, farið að keppa á Ólympíuleikum, Heimsmeistaramótum og Evrópumótum, komið á þann stað að vera meðal hinna 8 bestu í heimi verði að hætta vegna þess að t.a.m. fjárhagslegar aðstæður bjóða ekki upp á framhald. Þau finna fyrir því að dragast aftur úr jafnöldrum sínum bæði í námi og starfi, sem um leið minnkar eðlileg lýðréttindi þeirra. Það er okkur ekki boðlegt að okkar besta íþróttafólk njóti ekki eðlilegra lýðréttinda.

Sundsamband Íslands hvetur Alþingi til að samþykkja þessa tillögu. Við vonum að þessi umsögn nýtist Alþingi í umfjöllun sinni um málið um leið og við vonumst til þess að umsögnin nýtist í áframhaldandi vinnu með þetta þarfa málefni. Fyrir hönd Sundsambands Íslands lýsi ég sambandið reiðubúið til að aðstoða við þá vinnu eftir þörfum.

Með bestu kveðju



Hördur J. Oddfríðarson
ritari SSÍ
s: 7706067
hordur@iceswim.is